

ÁHERSLUVERKEFNI 2025

Tillaga lögð fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

Landshluti: Suðurnes

Skiladagur: 1. apríl 2025

Heiti verkefnis	Ferðapjónusta og náttúruvá á Reykjanesi: þróun, uppbygging og upplýsingamiðlun
Númer verkefnis ¹	2025-1
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að tryggja örugga, sjálfbæra og nærandi ferðapjónustu á Reykjanesi þrátt fyrir náttúruvá, með skýrum ferlum fyrir upplýsingamiðlun og uppbyggingu áfangastaðarins, hvort sem eldgos eru virk eða ekki
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Reykjanes er einstakt svæði með lifandi jarðfræði og umbroti sem hefur veruleg áhrif á ferðapjónustu. Verkefnið miðar að því að tryggja örugga og skýráttu upplýsingamiðlun bæði þegar gos er hafið og á milli gosa. Jafnframt er markmiðið að skapa skýrar forsendur fyrir uppbyggingu svæðisins með tilliti til sjálfbærni og nærandi ferðapjónustu. Mikilvægt er að tryggja samvinnu hagsmunaaðila, bæði um skammtíamaviðbrögð og langtíma uppbyggingu. Verkefnið mun fela í sér uppsetningu skýrra ferla fyrir upplýsingagjöf, skipulag á uppbyggingu áningarstaða og samvinnu í krísuástandi. Þetta nánar til stafrænna lausna fyrir upplýsingamiðlun, skipulag kynningarstarfs og stefnumótunar um nærandi ferðapjónustu. Samstarfsaðilar Sveitarfélög á Suðurnesjum, Reykjanes Geopark, Safetravel, Ferðamálastofa, Ferðapjónustuaðilar, Veðurstofan, Umhverfisstofnun, Landhelgisgæslan, Neyðarlína og almannavarnir.
Málaflokkur ²	Ferðapjónusta og umhverfismál - Atvinnuvegaráðuneyti - Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Framkvæmdaraðili	Markaðsstofa Reykjanes

¹ Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

² Mikilvægt er að tilgreina málaflokk og ráðuneyti, svo það fari ekki milli mála hvaða fulltrúi í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál á að fá áhersluverkefnið til skoðunar.

Samstarfsaðilar	Sveitarfélög á Suðurnesjum, Reykjanes Geopark, Safetravel, Ferðamálastofa, Ferðapjónustuaðilar, Veðurstofan, Náttúruverndarstofnun, Vegagerðin, Alamannavarnir og Lögreglustjórinn á Suðurnesjum.
Lokafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	• Skilvirk og öflug upplýsingamiðlun um náttúruvá og ferðapjónustu, • uppbygging og þróun sjálfbærs áfangastaðar. • Ferlar í upplýsingamiðlun við náttúruvá
Upphaf og lok verkefnis	2025-2027
Heildarkostnaður (hvert ár á verkefnatíma)	Heildarkostnaður er um kr. 10.500.000 fyrir heildartímabilið eða um 3.500.000 kr. á ári
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2025 og á hverju ári eftir það, ef við á)	3.500.000 kr 2025 3.500.000 kr 2026 3.500.000 kr 2027
Mótframlag (ef við á)	
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	• Efla heildstætt tilboð þjónustu og upplifunar fyrir ferðamenn. • Styðja við sérhæfingu og nýsköpun sem byggir á styrkleikum og þekkingu Suðurnesja. • Samhæfa stefnu og markaðssetningu fyrir öflugra atvinnulíf.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	• Sjálfbær ferðapjónusta (Ferðamálastofa) • Sóknaráætlun Suðurnesja • Svæðisskipulag Suðurnesja • Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna
Tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	• 8 (Góð atvinna og hagvöxtur), • 9 (Nýsköpun og uppbygging), • 11 (Sjálfbær borgir og samfélög) • 12 (Ábyrg neysla og framleiðsla)

ÁHERSLUVERKEFNI 2025

Tillaga lögð fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

Landshluti: Suðurnes

Skiladagur: 1. apríl 2025

Heiti verkefnis	Fræðsla í Reykjanes Geopark
Númer verkefnis ¹	2025-2
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Efla og styðja við fræðslu um jarðfræði, náttúru og sjálfbærni á Reykjanesi með markvissum aðgerðum fyrir kennara, skólafólk og almenning. Auka þekkingu kennara og skólafólks á jarðfræði, sjálfbærni og náttúru Reykjanes, sem leiðir til betri menntunar og meðvitundar um umhverfismál meðal nemenda
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)</i>	Verkefnið miðar að því að styrkja fræðslustarf Reykjanes Geopark með áherslu á útikennslu, vísindalæsi og sjálfbærni. Það felur í sér reglulegar vettvangsferðir fyrir kennara, fyrirlestra og fræðslukvöld fyrir skólafólk, sem og stærri ráðstefnur og vinnustofur. Með þessum aðgerðum er stefnt að því að auka þekkingu á jarðfræði, náttúru, sögu, sjálfbærni og orkunýtingu á svæðinu. Vettvangsferðir fyrir kennara: Skipulagðar ferðir fyrir kennara um svæðið: - Til að bæta þekkingu á svæðinu og eflingu á innihaldi kennslu. Ferðirnar verða á áhugaverða náttúrustaði á Reykjanesi, með áherslu á útikennslu í jarðfræði, líffræði, orkunýtingu o.fl. - Til að efla tengslanet og samstarf aðila á svæðinu. Ferðir til mögulegra samstarfsaðila á svæðinu með tilliti til miðlunar, nýsköpunar, atvinnulífs, sjálfbærni og tækifæri til þróunar í þekkingarmiðlun, fræðslu og kennslu.

¹ Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

	Ferðir haldnar vor og haust. Kostnaður: Rúta, bílstjóri, leiðsögumaður, veitingar, markaðssetning. Fræðsla og fyrirlestraröð: Reglulegir fræðsluhittingar fyrir skólafólk yfir skólaárið til að efla samstarf, kennsluhætti og miðlun. Dæmi um efni: Jarðfræði á mannamáli, UNESCO skólar og heimsmarkmiðin, vísindalæsi, skapandi kennsluaðferðir. Kostnaður: Húsnæði, fyrirlesarar, veitingar, markaðssetning. Ráðstefnur, málþing og vinnustofur: Sækja á svæðið ráðstefnur og fundi sem styðja við eflingu fræðslu og kennslu á svæðinu. Kortleggja ráðstefnur og fundi innanlands og erlendis og stuðla að fræðsluferðum út fyrir svæðið sem efla kennslu á svæðinu. Meðal ráðstefna til inn á svæðið: • Ráðstefna um náttúruvísindamenntun á Íslandi (mars 2025). • STEM/STEAM ráðstefna og vinnubúðir fyrir skólafólk. Kostnaður: Húsnæði, fyrirlesarar, veitingar, markaðssetning. Sameiginlegur vettvangur fræðsluefnis og samstarfs Á verkefnatímanum verður þróaður vettvangur: • Til að styrkja samtal kennara og fræðsluaðila (Facebook, LinkedIn, Teams eða sambærilegt) • Til að miðla verkefnum og verkfærum sem verða til á tímanum (t.d. vefsíða jarðvangsins) Kostnaður liggur í uppsetningu vefsvæðis og efnisgerð. Samstarfsnet kennara og Reykjanes jarðvangs Á verkefnatímanum verður skapaður samstarfsvettvangur kennara, fræðsluaðila og Reykjanes jarðvangs: • Til að efla tengslanet og samstarf aðila á svæðinu • Til að efla vitneskju almennings á Reykjanes jarðvangi og fjölga tækifærum til samstarfs og þróunar á fræðslu um jarðfræði, náttúru og sjálfbærni á Reykjanesi Gert er ráð fyrir kostnaði við verkefnastjórn og umsjón þessara verkefna.
Málaflokkur²	Menntamál og umhverfismál (Undir Mennta- og barnamálaráðuneyti og Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti), Unesco á Íslandi (menningar- og viðskiptaráðuneytið)
Framkvæmdaraðili	Reykjanes Geopark
Samstarfsaðilar	Menntavísindasvið Háskóla Íslands, leik-, grunn- og framhaldsskólar á Reykjanesi, Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og sveitarfélög á Reykjanesi. .

² Mikilvægt er að tilgreina málaflokk og ráðuneyti, svo það fari ekki milli mála hvaða fulltrúi í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál á að fá áhersluverkefnið til skoðunar.

Lokafurð hámark 50 orð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	• Stofnun samstarfsnet kennara • Skýrsla um fræðslu í Reykjanes Geopark • Ráðstefna um náttúrufræðikennslu • Tillögur að frekari þróunar- og samstarfsverkefnum í lok tímans
Upphaf og lok verkefnis	2025-2027
Heildarkostnaður (hvert ár á verkefnatíma)	Heildarkostnaður 18.000.000 kr. á verkefnatíma (6 m. á ári á verkefnatíma)
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2025 og á hverju ári eftir það, ef við á)	4.000.000 kr 2025 4.000.000 kr 2026 4.000.000 kr 2027
Mótframlag (ef við á)	2.000.000,- á ári í mótframlag frá samstarfsaðilum.
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	• Auka umhverfismenntun og samstarf skóla við Reykjanes Geopark og UNESCO.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	• Menntastefna stjórnvalda • Sjálfbærnistefna Íslands • UNESCO Global Geoparks stefna • Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (4, 11, 13)
Tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Verkefnið tengist heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega • nr. 4 (Menntun fyrir alla), • nr. 11 (Sjálfbærar borgir og samfélög) • nr. 13 (Aðgerðir í loftslagsmálum) Verkþættir tengjast einnig öðrum heimsmarkmiðum s.s.: • nr. 7 (sjálfbær orka) • nr. 9 (Nýsköpun og uppbygging) • nr. 12 (Ábyrg neysla og framleiðsla) • nr. 14 (Líf í vatni) • nr. 15 (Líf á landi) • nr. 17 (samvinna um markmiðin)

ÁHERSLUVERKEFNI 2025

Tillaga lögð fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

Landshluti: Suðurnes

Skiladagur: 1. apríl 2025

Heiti verkefnis	Ímynd Reykjaness
Númer verkefnis ¹	2025-3
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að styrkja ímynd Reykjaness með því að efla jákvæða umfjöllun um svæðið, auka stolt íbúa og dýpka þekkingu á menningu, náttúru og samfélagi. Vinna þarf upp traust til atvinnuuppbyggingar á svæðinu í kjölfar á eldsumbroti í Grindavík. Unnið verður að stefnumótun og greiningu á stöðu svæðisins með sjálfbærni að leiðarljósi
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)</i>	- Greining á stöðu ímyndar Reykjaness og skilaboðastefnu, þar sem markhópagreining og markaðsrannsóknir verða nýttar til að efla trúverðugleika og skilvirkni aðgerða. - Góðar sögur sagðar af heimamönnum og atvinnulífi - Þróun og gerð fræðsluefnis fyrir íbúa, fjárfesta og ferðamenn með áherslu á menningu, náttúru og sjálfbæra nýtingu svæðisins. - Virk markaðssetningu á stafrænum miðlum og í fjölmiðlum með áherslu á að koma jákvæðum sögum af Reykjanesi á framfæri. - Laða að fjárfestingu og styðja við atvinnulíf á svæðinu, með því að efla samkeppnishæfni fyrirtækja og stuðla að nýsköpun í rekstri og ferðaþjónustu. Sjálfbærni og tenging við efnahag, samfélag, atvinnulíf og umhverfi: Efnahagur: Verkefnið styður við efnahagslega sjálfbærni með því að efla ímynd svæðisins sem traust búsetu- og atvinnusvæði sem laðar að fjárfestingar og atvinnu. Samfélag: Með aukinni þekkingu á menningu og sögu svæðisins styrkist samfélagslegt sjálfstraust og samkennd, sem hefur jákvæð áhrif á íbúalýðheilsu og samfélagsþróun.

¹ Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

	• Atvinnulíf: Verkefnið stuðlar að að aukinni nýsköpun og fjölbreytileika í atvinnulífinu. Umhverfi: Verkefnið tekur mið af sjálfbærnistefnu svæðisins og heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með áherslu á ábyrga markaðssetningu sem dregur fram náttúruvernd, umhverfissvæna ferðaþjónustu og sjálfbæra þróun.
Málaflokkur²	Byggðapróun, atvinna og nýsköpun, ferðaþjónusta og umhverfismál • Atvinnuvegaráðuneytið • Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið • Innviðaráðuneytið
Framkvæmdaraðili	Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Samstarfsaðilar	• Markaðsstofa Reykjaness • Reykjanes Geopark • Sveitarfélög á svæðinu • Fyrirtæki á svæðinu • Stofnanir sem styðja nýsköpun og verðmætasköpun • Félagasamtök
Lokaðurð hámark 50 orð (hver verður lokaðurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	• Heildræn stefnumótun fyrir ímynd Reykjaness með markhópagreiningu og skilaboðastefnu. • Efnisgerð fyrir verkefnið: t.d. bækur, vefur, viðtöl, myndir, myndbönd ofl. • Aukin dreifing á jákvæðu efni um svæðið. • Markaðsáttak sem eykur vitund um Reykjanes sem sjálfbæran og spennandi áfangastað. • Bætt samkeppnishæfni svæðisins sem staðar fyrir fjárfestingu og rekstur.
Upphaf og lok verkefnis	2025-2027 (með langtímaáhrifum til 2030)
Heildarkostnaður (hvert ár á verkefnatíma)	30.000.000,- er heildarkostnaður
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2025 og á hverju ári eftir það, ef við á)	10.000.000 kr fyrir árið 2025 10.000.000 kr fyrir árið 2026 10.000.000 kr fyrir árið 2027
Mótframlag (ef við á)	
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	• Styrkja viðburði og tengslanet þar sem jafningjar opna öðrum dyr inn í samfélagið. • Styðja við sérhæfingu og nýsköpun sem byggir á styrkleikum og þekkingu Suðurnesja. • Samhæfa stefnu og markaðssetningu fyrir öflugra atvinnulíf.

² Mikilvægt er að tilgreina málaflokk og ráðuneyti, svo það fari ekki milli mála hvaða fulltrúi í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál á að fá áhersluverkefnið til skoðunar.

	• Byggja upp öflugt stuðningsumhverfi nýsköpunar til að auka fjölbreytni atvinnulífs
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	• Menntastefna stjórnvalda • Sjálf Áfangastaðaáætlun Reykjaness • Atvinnustefna Suðurnesja • Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun • Sóknaráætlun Suðurnesja bærnistefna Íslands • UNESCO Global Geoparks stefna • Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna (4, 11, 13)
Tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	• .9: Sjálfbær ferðaþjónusta sem skapar störf og styður staðbundna menningu. • 11.4: Vernd og kynning á menningar- og náttúruarfi Reykjaness. • 12.6: Stuðningur við sjálfbær viðskiptamódel og sjálfbæra vöruþróun í ferðaþjónustu. • 17.17: Öflugt samstarf á milli hins opinbera, einkageirans og samfélagsins til að efla ímynd og þróun Reykjaness

ÁHERSLUVERKEFNI 2025

Tillaga lögð fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

Landshluti: Suðurnes

Skiladagur: 1. apríl 2025

Heiti verkefnis	Myrkurferðapjónusta á Reykjanesi
Númer verkefnis ¹	2025-4
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að þróa Reykjanes sem leiðandi áfangastað fyrir myrkurferðapjónustu, með áherslu á stjörnuskoðun, norðurljósaferðir og Almyrkva 2026. Verkefnið byggir á sjálfbærni og nærandi ferðapjónustu, í sátt við náttúru, samfélag og atvinnulíf.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Myrkurferðapjónusta er einstakt tækifæri til að laða ferðamenn til Reykjanes utan háannatíma með upplifun tengda stjörnufræði, myrkri og kyrrð. Verkefnið miðar að því að þróa ferðaleiðir, aðstöðu og vörubróun fyrir myrkurferðir, með sérstakri áherslu á Almyrkvann 2026 sem einstakt tækifæri til kynningar. Verkefnið felur í sér: - Stjörnuskoðun og norðurljósaferðir – Þróun nýrra ferðaleiða og upplifunarstaða. - Hugmyndavinna og þróun áningastaða – Betri aðstaða fyrir gesti í myrkurferðum. - Vörubróun og fræðsluefni – Þróun á fræðslu- og markaðsefni fyrir ferðamenn og ferðapjónustuaðila. - Sjálfbærni og nærandi ferðapjónusta – Verkefnið styður við stefnu um sjálfbærni og eflingu hágæða upplifunar í ferðapjónustu.
Málaflokkur ²	Atvinnuráðuneytið. -ferðamál, verslun og þjónusta.
Framkvæmdaraðili	Markaðsstofa Reykjanes í samstarfi við Reykjanes Geopark og aðra hagaðila.
Samstarfsaðilar	- Sveitarfélög á Reykjanesi - Reykjanes Geopark

¹ Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

² Mikilvægt er að tilgreina málaflokk og ráðuneyti, svo það fari ekki milli mála hvaða fulltrúi í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál á að fá áhersluverkefnið til skoðunar.

	• Landeigendur á svæðinu • Ferðapjónustuaðilar • Vísindasamfélagið – stjórnufræðingar og náttúruvísindamenn • Skólar og fræðslustofnanir
Lokafurð hámark 50 orð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Aukin vitund og heimsóknir til Reykjaness í tengslum við myrkurferðapjónustu. Sjálfbær þróun nýrra upplifana og aukin tekjusköpun fyrir ferðapjónustuaðila. • Nýjar ferðaleiðir í kynningarefni • Skýrslur um þróun verkefnisins fyrir hvert ár • Fræðsluefni fyrir gesti, heimamenn og nemendur • Merkingar og uppbygging á áfangastöðum
Upphaf og lok verkefnis	2025-2026 (Með hápunkti í Almyrkva 2026))
Heildarkostnaður (hvert ár á verkefnatíma)	10.000.000 kr. heildarkostnaður 5.000.000 kr. á ári 2025 og 2026
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2025 og á hverju ári eftir það, ef við á)	3.000.000 kr. 2025 3.000.000 kr. 2026
Mótframlag (ef við á)	2.000.000 kr. 2025 (Ferðamálastofa / Markaðsstofa Reykjaness) 2.000.000 kr. 2026 (Ferðamálastofa / Markaðsstofa Reykjaness) Auk framlags sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila vegna sérstakra framkvæmda og verkefna fyrir Almyrkvann í ágúst 2026.
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	• Efla heildstætt tilboð þjónustu og upplifunar fyrir ferðamenn. • Efla hreyfingu og útivist til þess að auka gleði og bæta lýðheilsu.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	• Sóknaráætlun Suðurnesja • Svæðisskipulag Suðurnesja • Ferðamálastefna og Aðgerðaráætlun Ferðapjónustunnar til 2030.
Tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna	• Markmið 8 – Góð atvinna og hagvöxtur – Verkefnið skapar störf og eykur verðmætasköpun í ferðapjónustu. • Markmið 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög – Þróun ferðapjónustu í sátt við náttúru og samfélag. • Markmið 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla – Áhersla á sjálfbæra og nærandi ferðapjónustu. • Markmið 13 – Aðgerðir í loftslagsmálum – Minni árstíðabundin sveifla í ferðapjónustu og hvatning til hæglætisferða. • Markmið 15 – Líf á landi – Náttúruvernd og ábyrg uppbygging áningarstaða.

ÁHERSLUVERKEFNI 2025

Tillaga lögð fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

Landshluti: Suðurnes

Skiladagur: 1. apríl 2025

Heiti verkefnis	Nærandi ferðaþjónusta á Reykjanesi
Númer verkefnis ¹	2025-5
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að þróa og innleiða sjálfbæra nálgun í ferðaþjónustu á Reykjanesi sem stuðlar að náttúruvernd, betri upplifun ferðamanna, jákvæðum hagrænum áhrifum og sterkari samfélagslegum ávinningi
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)</i>	Verkefnið miðar að því að styrkja áfangastaðinn Reykjanes með áherslu á sjálfbærni og nærandi ferðaþjónustu. Það byggir á stefnumótun og aðgerðum sem tryggja jafnvægi milli ferðaþjónustu, náttúruverndar og samfélagslegrar þróunar. Helstu áherslur verkefnisins eru: • Uppfærsla á hluta áfangastaðaaætlunar með hliðsjón af breyttum forsendum vegna lifandi náttúruvá. • Ný markaðs- og markhópagreining sem tekur mið af sjálfbærum ferðavenjum og ábyrgri upplifun. • Forgangslisti ferðamannastaða uppfærður í takt við nýjar áherslur í sjálfbærni. • Þróun eftirlitskerfis/stöðugreiningar fyrir ferðamannastaði á Reykjanesi. • Samgöngumál skilgreind með sjálfbærni í huga, m.a. hvatning til vistvænni samganga. • Þróun kynningarefnis og leiðir til upplýsingamiðlunar með áherslu á nærandi ferðaþjónustu, staðbundið og á vefmiðlum. • Stofnun Markaðsráðs Reykjaness, sem leiðir stefnumótun í markaðsmálum svæðisins. • Stofnun Sjálfbærnisráðs, sem vinnur að framkvæmd og eftirfylgni sjálfbærnimarkmiða áfangastaðarins. • Innleiðing ferla í ferðaþjónustuverkefnum sem tryggja samræmi við sjálfbærni og nærandi ferðaþjónustu. •

¹ Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

Málaflokkur²	Atvinnuvegaráðuneytið. -ferðamál, verslun og þjónusta.
Framkvæmdaraðili	Markaðsstofa Reykjaness
Samstarfsaðilar	• Ferðamálastofa • Sveitarfélög á Reykjanesi • Ferðapjónustufyrirtæki • Umhverfisstofnun • Samgönguyfirvöld • Almannavarnir og Lögreglustjórinn á Suðurnesjum
Lokafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Bætt stefna og verkferlar í ferðapjónustu á Reykjanesi með sjálfbærni og náttúruvernd að leiðarljósi.
Upphaf og lok verkefnis	Janúar 2025 – Desember 2027
Heildarkostnaður (hvert ár á verkefnatíma)	Heildarkostnaður er áætlaður um 13.000.000 kr. á tímabilinu. Kostaður verður mestur á fyrsta ári með uppfærðum áætlunum og markhópagreiningu, en jafn kostnaður næstu tvö ár þar á eftir
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2025 og á hverju ári eftir það, ef við á)	7.000.000 kr. 2025 3.000.000 kr. 2026 3.000.000 kr. 2027
Mótframlag (ef við á)	Mótframlag að hluta úr NPA verkefni
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	• Efla fræðslu og vitundarvakningu um umhverfismál. • Efla heildstætt tilboð þjónustu og upplifunar fyrir ferðamenn
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Aðgerðaráætlun ferðapjónustunnar til 2030 Sóknaráætlun Suðurnesja Áfangastaðaáætlun Reykjaness Svæðisskipulag Suðurnesja
Tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna	• Markmið 8: Góð atvinna og hagvöxtur – Með áherslu á ábyrga ferðapjónustu sem skapar störf á sjálfbæran hátt. • Markmið 11: Sjálfbærar borgir og samfélög – Með skipulagi sem tekur mið af náttúruvernd og innviðum. • Markmið 12: Ábyrg neysla og framleiðsla – Með þróun á sjálfbærum ferðapjónustuferlum og umhverfisvænum lausnum. • Markmið 13: Aðgerðir í loftslagsmálum – Með vistvænum samgöngulausnum og ábyrgri nýtingu auðlinda. • Markmið 15: Líf á landi – Með verndun náttúruvætta og skynsamlegri stjórnun ferðamannastraums.

² Mikilvægt er að tilgreina málaflokk og ráðuneyti, svo það fari ekki milli mála hvaða fulltrúi í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál á að fá áhersluverkefnið til skoðunar.

ÁHERSLUVERKEFNI 2025

Tillaga lögð fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

Landshluti: Suðurnes

Skiladagur: 1. apríl 2025

Heiti verkefnis	Nærandi samstarf – Samvinna fyrir sjálfbæra framtíð á Reykjanesi
Númer verkefnis ¹	2025-6
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að efla samstarf fyrirtækja á Reykjanesi og Suðurnesjum innan ferðaþjónustu og tengdra greina með skipulögðum samningum og samstarfsvettvangi sem styður sjálfbæra þróun, vöruþróun, nýsköpun og samfélagslega ábyrgð.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)</i>	Verkefnið miðar að því að formgera og þróa samstarf á milli Markaðsstofu Reykjanes, Reykjanes Geopark og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Markmiðið er að fyrirtæki á svæðinu geti orðið virkir samstarfsaðilar í fjölbreyttum verkefnum sem snúa að ferðaþjónustu, umhverfismálum, byggðapróun, nýsköpun og fjárfestingum. Unnið verður að gerð samstarfssamninga sem stuðla að aukinni verðmætasköpun og samkeppnishæfni svæðisins. Lögð verður áhersla á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð, þar sem fyrirtæki skuldbinda sig til að vinna að lausnum sem stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu og uppbyggingu svæðisins. Samstarfið verður formfest með siðareglum, samfélagssáttmála og sjálfbærnistefnu sem fyrirtæki skuldbinda sig til að fylgja. Í framhaldi verður hugað að innleiðingu á CSI-vísi fyrir sjálfbæra ferðaþjónustu. Til að tryggja samstarfið og þróun þess verða haldnir reglulegir samstarfsaðilafundir þar sem aðilum gefst tækifæri á að þróa og hafa áhrif á áherslur verkefna hverju sinni og frekari styrkingar á samstarfsvettvanginum.

¹ Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

Málaflokkur²	Ferðapjónusta, byggðapróun, nýsköpun og umhverfismál • Atvinnuvegaráðuneytið • Innviðaráðuneytið. • Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið.
Framkvæmdaraðili	Markaðsstofa Reykjaness í samstarfi við Reykjanes Geopark og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Samstarfsaðilar	• Sveitarfélög á Suðurnesjum • Fyrirtæki í ferðapjónustu og tengdum greinum • Ferðamálastofa • Stofnanir sem styðja nýsköpun og verðmætasköpun
Lokafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	• Skýrir og formfastir samstarfssamningar • Verkferlar og ferlar fyrir sjálfbærnivegferð fyrirtækja • Sjálfbærnistefna og siðareglur • Uppbygging sterkari innviða fyrir samstarf á svæðinu
Upphaf og lok verkefnis	Janúar 2025 – Desember 2027
Heildarkostnaður (hvert ár á verkefnatíma)	6.000.000 kr. heildarkostnaður 2.000.000 kr. á ári 2025-2027
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2025 og á hverju ári eftir það, ef við á)	1.500.000 kr fyrir árið 2025 1.500.000 kr fyrir árið 2026 1.500.000 kr fyrir árið 2027
Mótframlag (ef við á)	Mótframlag samstarfsaðila Ferðamálastofa
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	• Styðja við sérhæfingu og nýsköpun sem byggir á styrkleikum og þekkingu Suðurnesja. • Samhæfa stefnu og markaðssetningu fyrir öflugra atvinnulíf. • Efla heildstætt tilboð þjónustu og upplifunar fyrir ferðamenn.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	• Áfangastaðááætlun Reykjaness • Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun • Sóknaráætlun Suðurnesja
Tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	• Markmið 8 – Góð atvinna og hagvöxtur: Skapandi samstarf og sjálfbær verðmætasköpun í ferðapjónustu. • Markmið 9 – Nýsköpun og uppbygging: Stuðningur við þróun nýrra lausna og innviða á svæðinu. • Markmið 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög: Samfélagsábyrgð í ferðapjónustu, verndun menningar og náttúru. • Markmið 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla: Sjálfbærnistefna fyrirtækja og minni umhverfisáhrif. • Markmið 17 – Samstarf um markmiðin: Sameiginleg vinna fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga að sjálfbærum lausnum.

² Mikilvægt er að tilgreina málaflokk og ráðuneyti, svo það fari ekki milli mála hvaða fulltrúi í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál á að fá áhersluverkefnið til skoðunar.

ÁHERSLUVERKEFNI 2025

Tillaga lögð fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

Landshluti: Suðurnes

Skiladagur: 1. apríl 2025

Heiti verkefnis	Skemmtiferðaskip á Reykjanesi – Þróun, Uppbygging og Samvinna 2025-2027
Númer verkefnis ¹	2025-7
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að þróa og styrkja Reykjanes sem sjálfbæran og nærandi áfangastað fyrir skemmtiferðaskip, þar sem ávinningur skilar sér til samfélagsins, íbúa og umhverfis. Verkefnið byggir á sjálfbærni, samfélagslegri þátttöku og upplifun gesta í sátt við náttúruna og nærumhverfið.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)</i>	Verkefnið miðar að því að auka gæði og sjálfbærni móttöku skemmtiferðaskipa á Reykjanesi með fjórum lykiláherslum: <i>1. Fræðsla og þátttaka samfélagsins í nærandi ferðapjónustu</i> - Kynning og fræðsla fyrir íbúa, sérstaklega í Grindavík, til að virkja þá sem sögufólk og leiðsögumenn í sínu nærumhverfi. - Þróun námskeiða og fræðsluefnis sem styður við sjálfbæra ferðapjónustu, með áherslu á náttúruvernd, menningu og samfélagsþátttöku. - Samstarf við skóla, fræðslustofnanir og ferðapjónustuaðila um þjálfun og færniuppbyggingu íbúa til að skapa tækifæri og virðisauka innan samfélagsins. <i>2. Bætt upplifun skipagesta og sjálfbær þróun hafna</i> - Uppbygging og merking gönguleiða frá höfnunum í Keflavík og Grindavík til bæjarkjarna með áherslu á náttúrutengda upplifun og menningarlega skírskotun. - Þróun áningastaða sem byggja á hugmyndafræði nærandi ferðapjónustu; t.d. með fræðslu um jarðfræði, menningu og náttúruvernd. - Samstarf við sveitarfélög, landeigendur og ferðapjónustuaðila til að bæta aðgengi og dreifa ferðamönnum á svæðið með sjálfbærni að leiðarljósi.

¹ Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

	<i>3. Markviss kynning og stefnumótun fyrir sjálfbæra áfangastaðastjórnun</i> • Þróun markaðsefnis og stefnumótun sem leggur áherslu á Reykjanes sem fyrirmyndar áfangastað fyrir leiðangursskip og smærri skemmtiferðaskip sem vilja upplifa einstaka náttúru og menningu á sjálfbæran hátt. • Bein samskipti við skipafélög og samstarfsaðila innan ferðapjónustu til að kynna möguleika áfangastaðarins og efla sjálfbæra skipakomur. • Skipulagning heimsóknna fyrir skipafélög og ferðapjónustuaðila með áherslu á að bæta skilning á sérstöðu svæðisins. • Markaðsáttak sem felur í sér vinnustofur, sýningar og stefnumótun í samvinnu við aðra áfangastaði á Norðurlóðum. <i>4. Samstarf við Norðurlóðaráfangastaði til að efla sjálfbæra ferðapjónustu</i> • Stofnun samstarfsnets áfangastaða sem taka á móti smærri skemmtiferðaskipum á Norðurlóðum til að miðla þekkingu, læra hvert af öðru og efla gæði móttöku skipagesta. • Rannsóknir og stefnumótun fyrir sjálfbæra ferðapjónustu með áherslu á vistspor skemmtiferðaskipa og samfélagsleg áhrif þeirra. • Þróun sameiginlegra staðla og verklags sem stuðla að verndun náttúru, eflingu staðbundinnar ferðapjónustu og uppbyggingu innviða með sjálfbærni að leiðarljósi. <i>Tengsl við nærandi ferðapjónustu (Regenerative Tourism)</i> <i>Verkefnið fellur undir nálgun nærandi ferðapjónustu sem leggur áherslu á að:</i> • Ferðapjónusta skili samfélaginu virðisauka og stuðli að eflingu staðbundins atvinnulífs. • Ferðamenn fái dýpri tengingu við áfangastaðinn með þátttöku í fræðslu, menningu og náttúruupplifun. • Uppbygging innviða og vöruþróun sé gerð með langtímasjónarmið í huga og í sátt við náttúru og íbúa. Ferðapjónusta styðji við menningu og arfleifð svæðisins í stað þess að raska henni.
Málaflokkur²	Ferðapjónusta og markaðssetning • Atvinnuvegaráðuneytið. • Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið.

² Mikilvægt er að tilgreina málaflokk og ráðuneyti, svo það fari ekki milli mála hvaða fulltrúi í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál á að fá áhersluverkefnið til skoðunar.

Framkvæmdaraðili	Markaðsstofa Reykjaness
Samstarfsaðilar	- Sveitarfélög á Suðurnesjum (Reykjanesbær, Grindavík, Suðurnesjabær) - Reykjaneshafnir og Grindavíkurhöfn - Ferðamálastofa og AECO - Ferðaþjónustuaðilar og þjónustufyrirtæki á svæðinu - Menntastofnanir og fræðsluaðilar - Reykjanes Geopark og umhverfisverndarsamtök
Lokaðurð hámark 50 orð (hver verður lokaðurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	- Bættar móttökur skemmtiferðaskipa með sjálfbærni að leiðarljósi - Virk þátttaka íbúa í ferðaþjónustu og leiðsögn - Sjálfbær uppbygging áningarstaða og gönguleiða - Skýrt verklag og stefna um skemmtiferðaskip á Reykjanesi - Styrking samstarfs við aðra áfangastaði á Norðurlóðum
Upphaf og lok verkefnis	Janúar 2025 – Desember 2027
Heildarkostnaður (hvert ár á verkefnatíma)	Heildarkostnaður er áætlaður um 7.500.000 kr. á þremur árum
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2025 og á hverju ári eftir það, ef við á)	2.500.000 kr. 2025 2.500.000 kr. 2026 2.500.000 kr. 2027
Mótframlag (ef við á)	Mótframlag kemur ma. frá Ferðamálastofu og örðum samstarfsaðilum. Verður metið út frá samstarfi við skipafélög, ferðaþjónustufyrirtæki og önnur tengd verkefni. Sérstaklega verður sótt um fjármagn til uppbyggingarverkefna og framkvæmda á verkefnatímanum
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	- Styðja við sérhæfingu og nýsköpun sem byggir á styrkleikum og þekkingu Suðurnesja. - Samhæfa stefnu og markaðssetningu fyrir öflugra atvinnulíf. - Efla heildstætt tilboð þjónustu og upplifunar fyrir ferðamenn.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	- Áfangastaðaáætlun Reykjaness. - Sóknaráætlun Suðurnesja. - Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra ferðaþjónustu (m.a. góð atvinna og hagvöxtur, sjálfbærar borgir og samfélög, ábyrg neysla og framleiðsla). - Ferðamálastefna og Aðgerðaráætlun ferðaþjónustunnar til 2030
Tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Verkefnið styður við eftirfarandi heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna: 8. Góð atvinna og hagvöxtur – Með því að virkja íbúa og auka gæði ferðaþjónustunnar skapast störf og aukinn hagvöxtur í heimabyggð. 9. Nýsköpun og uppbygging – Próun sjálfbærra leiða fyrir móttöku skipagesta stuðlar að nýsköpun í ferðaþjónustu og bætir innviði.

	• 11. Sjálfbærar borgir og samfélög – Verkefnið stuðlar að sjálfbærni með því að tengja ferðaþjónustu betur við samfélagið og umhverfið. • 12. Ábyrg neysla og framleiðsla – Miðað er að því að takmarka neikvæð umhverfisáhrif ferðaþjónustu og stuðla að betri nýtingu auðlinda. • 14. Líf í vatni – Með stefnumótun fyrir sjálfbæra móttöku skemmtiferðaskipa er lögð áhersla á verndun hafsins og strandsvæða. • 17. Samvinna um markmiðin – Verkefnið er unnið í samstarfi við fjölbreytta hagaðila á svæðinu, bæði innanlands og á alþjóðavísu
--	---

ÁHERSLUVERKEFNI 2025

Tillaga lögð fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

Landshluti: Suðurnes

Skiladagur: 1. apríl 2025

Heiti verkefnis	Greining atvinnusóknar á Suðurnesjum
Númer verkefnis ¹	2025-8
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að stuðla að fjölbreyttum og vel launuðum störfum nærri heimabyggð með því að greina atvinnusókn á Suðurnesjum til og frá höfuðborgarsvæðinu m.t. menntunar, starfsgerða og launa. Verkefnið styður við efnahagslega sjálfbærni með því að efla Suðurnes sem traust búsetu- og atvinnusvæði sem laðar að fjárfestingar og atvinnu. Samkvæmt upplýsingum frá 2018 sóttu 17% íbúa Suðurnesja vinnu á höfuðborgarsvæðið. Þetta hlutfall gæti hafa breyst síðan þá, en það gefur okkur ágæta vísbendingu um vinnuferðir á milli svæðanna. Hins vegar eru takmarkaðar upplýsingar um fjölda íbúa höfuðborgarsvæðisins sem sækja vinnu á Suðurnes. Slík greining er nauðsynleg forsenda þess að beita megi hagrænum hvötum við þróun atvinnusóknarsvæða. Áreiðanlegar og réttar upplýsingar um vinnusóknarsvæði eru einnig undirstaða stefnumótunar og þróunar á heildstæðu samgöngukerfi sem mætir þörfum almennings og atvinnulífs. Þá styður það við óstaðsett störf og störf nærri heimabyggð og minnkar álag á Reykjanesbraut, lífæð landsins sem er í dag hættulegasti þjóðvegur landsins. Skólasókn utan svæðis verði jafnframt könnuð þ.e. framhaldsskóla og sérnám..
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i>	Safnað verður saman nýjustu gögnum um vinnusókn milli svæðanna.

¹ Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

(mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	- Flokkun og greining gagnanna s.s. flokkun starfa, menntunarkröfur og áætlaðar launatölur fyrir hverja starfsgrein. - Gerð verði könnun þar sem reynt verður að ná til þeirra sem sækja vinnu utan heimabyggðar. - Metin verða áhrif vinnuferða á samfélagið s.s. á umferð, húsnæðismarkað og þjónustubörf - Mótaðar verða tillögur að stefnumótun eða aðgerðum sem geta stuðlað að jafnvægi á vinnumarkaði milli svæðanna Skoða þarf leiðir til þess að auðvelda gagnaöflun í framtíðinni í samstarfi við skattayfirvöld
Málaflokkur²	Byggðapróun, atvinna og nýsköpun og umhverfismál - Atvinnuvegaráðuneytið. - Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið.
Framkvæmdaraðili	Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Samstarfsaðilar	- Hagstofan - Skatturinn - Þjóðskrá Íslands - Byggðastofnun
Lokafurð hámark 50 orð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	- Gögn sem nýtast í þróun svæðisins og heildræn stefnumótun og áætlun fyrir atvinnulíf og menntunarbörf á Suðurnesjum. - Sparnaður í samgöngukostnaði: Ef margir íbúar á Suðurnesjum þurfa að ferðast daglega til höfuðborgarsvæðisins til vinnu felur það í sér mikinn kostnað fyrir einstaklinga (eldsneyti, viðhald bíla) og tíma. Með því að styðja við fjölbreyttara atvinnulíf á Suðurnesjum eða styðja við samgöngur gæti verkefið dregið úr þessum kostnaði. Þá gætu fyrirtæki sparað sér húsnæðiskostnað með því að leyfa fjarvinnu. - Aukin framleiðni og minna álag á samgöngukerfi. Löng og dagleg ferðalög draga úr lífsgæðum og framleiðni starfsmanna. - Ef greining sýnir að störf á Suðurnesjum eru almennt láglaunastörf en störf á höfuðborgarsvæðinu herra launuð gæti það ýtt undir stefnumótun til að jafna þessi skilyrði. Með því að skapa störf sem krefjast meiri menntunar og sérhæfingar á Suðurnesjum gæti kaupmáttur íbúa aukist sem hefði jákvæð áhrif á hagkerfið. - Meiri fjölbreytni í atvinnulífi gæti dregið að fjárfestingar og ný fyrirtæki.
Upphaf og lok verkefnis	2025-2026
Heildarkostnaður (hvert ár á verkefnatíma)	Heildarkostnaður er áætlaður um 3.000.000.-
Framlag úr sóknaráætlun	1.500.000.- fyrir árið 2025 1.500.000.- fyrir árið 2026

² Mikilvægt er að tilgreina málaflokk og ráðuneyti, svo það fari ekki milli mála hvaða fulltrúi í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál á að fá áhersluverkefnið til skoðunar.

(árið 2025 og á hverju ári eftir það, ef við á)	
Mótframlag (ef við á)	
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	• Samhæfa stefnu og markaðssetningu fyrir öflugra atvinnulíf. • Byggja upp öflugt stuðningsumhverfi nýsköpunar til að auka fjölbreytni atvinnulífs. • Vinna að vistvænum samgöngum þvert á sveitarfélögin sem stuðla að aukinni hreyfingu, samþættingu iðkunar barna í íþróttum og fjölbreytni menningar og tómstunda.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	• Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun • Sóknaráætlun Suðurnesja • Byggðaaáætlun
Tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	• Heimsmarkmið 8. Góð atvinna og hagvöxtur: Með því að greina vinnuferðir milli svæðanna er hægt að sjá hversu aðgengilegur vinnumarkaðurinn er fyrir íbúa. Niðurstöður geta leitt til úrbóta í atvinnuuppbyggingu, stuðlað að fjölbreyttara atvinnulífi og dregið úr nauðsyn ferða til höfuðborgarsvæðisins. Ef verkefnið leiðir til bættra launakjara eða fjölbreyttari atvinnutækifæra styrkir það efnahagslegan stöðugleika. • Heimsmarkmið 9. Nýsköpun og uppbygging: Niðurstöður geta gefið vísbendingar um nauðsynlegar fjárfestingar í innviðum t.d. samgöngum. Ef margir þurfa að ferðast í vinnu gæti það hvatt til nýrra lausna eins og fjarvinnu, betri almenningsgangna eða uppbyggingar nýrra atvinnusvæða á Suðurnesjum. • Heimsmarkmið 11. Sjálfbærar borgir. Samgöngumynstur og vinnuferðir eru lykilþættir í skipulagningu sjálfbærra byggða. Ef vinnusókn skapar álag á samgönguferðir gæti það kallað á nýjar lausnir s.s. vistvænni samgöngur eða aukna vinnu í heimabyggð. • Heimsmarkmið 14. Aðgerðir í loftslagsmálum. Færri daglegar ferðir geta dregið úr kolefnislosun, sérstaklega ef fólk notar einkabíla. Gögn um vinnumynstur geta stutt við loftslagsstefnu með áherslu á umhverfisvænar lausnir.

ÁHERSLUVERKEFNI 2025

Tillaga lögð fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

Landshluti: Suðurnes

Skiladagur: 1. apríl 2025

Heiti verkefnis	Mælaborð – íbúapróun á Suðurnesjum
Númer verkefnis ¹	2025-9
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Setja fram á einum stað mælaborð með upplýsingum um lýðfræði íbúa á Suðurnesjum. Markmið er að hafa réttar upplýsingar um íbúa svæðisins svo hægt sé að taka sem réttastar ákvarðanir þegar kemur að áætlunargerð fyrir Suðurnesin.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	Í samfélagsgreiningunni má sjá samfélagspróun Suðurnesja tíu ár aftur í tímann. Greiningin snýr að víðtækri íbúagreiningu út frá uppruna, fjölskyldugerð og -stærð, tekjutegundum (launatekjur, fjárhagsaðstoð, bætur frá Tryggingastofnun, atvinnuleysisbætur), menntunarstöðu og búsetutíma á svæðinu. Samfélagsgreiningin er sett fram í PowerBi-skýrslu og birt á heimasíðu S.S.S og aðildarsveitarfélaga.
Málaflokkur ²	Innviðaráðuneytið • Byggðapróun. Mennta- og barnamálaráðuneytið • Málefni barna og ungmenna
Framkvæmdaraðili	Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og sveitarfélögin á Suðurnesjum
Samstarfsaðilar	• Hagstofan
Lokafurð <i>hámark 50 orð</i> (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	• Gögn sem nýtast í próun svæðisins og heildræn stefnumótun og áætlun fyrir atvinnulíf og menntunarpörf á Suðurnesjum. • Ef greining sýnir að störf á Suðurnesjum eru almennt lágláunastörf en störf á höfuðborgarsvæðinu hærra launuð gæti það ýtt undir stefnumótun til að jafna þessi skilyrði. Með því að skapa störf sem krefjast meiri menntunar og sérhæfingar á

¹ Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

² Mikilvægt er að tilgreina málaflokk og ráðuneyti, svo það fari ekki milli mála hvaða fulltrúi í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál á að fá áhersluverkefnið til skoðunar.

	Suðurnesjum gæti kaupmáttur íbúa aukist sem hefði jákvæð áhrif á hagkerfið. - Meiri fjölbreytni íbúa í atvinnulífi gæti dregið að fjárfestingar og ný fyrirtæki. Hægt að gera nákvæmari áætlun um uppbyggingu svæðisins til framtíðar
Upphaf og lok verkefnis	2025-2029
Heildarkostnaður (hvert ár á verkefnatíma)	Heildarkostnaður er áætlaður um 5.000.000.-
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2025 og á hverju ári eftir það, ef við á)	1.000.000,- árið 2025 1.000.000,- árið 2026 1.000.000,- árið 2027 1.000.000,- árið 2028 1.000.000,- árið 2029
Mótframlag (ef við á)	
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	- Styrkja viðburði og tengslanet þar sem jafningjar opna öðrum dyr inn í samfélagið. - Stuðla að samhæfði þjónustu við nýja íbúa, sem styður frumkvæði og þátttöku - Tryggja velferð allra barna - Efla menntun á framhalds- og háskólastigi á sviði nýsköpunar og rannsókna með tengsl við atvinnulíf, staðhætti og auðlindir - Auka aðgengi að þjálfun og kennslu í íslensku.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Byggðaaáætlun
Tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna	Markmið 1: Engin fátækt (No Poverty) Greining á tekjum, fjárhagsaðstoð og atvinnuleysi hjálpar við að skilja stöðu hópa og bæta þjónustu. Markmið 3: Heilsa og vellíðan (Good Health and Well-being) Bætur frá Tryggingastofnun og fjárhagsaðstoð eru beintengd heilbrigði og vellíðan einstaklinga og fjölskyldna. Markmið 4: Menntun fyrir alla (Quality Education) Greining á menntunarstöðu getur leitt til betri stefnu í menntamálum á svæðinu. Markmið 8: Góð atvinna og hagvöxtur (Decent Work and Economic Growth) Upplýsingar um atvinnuleysi og tekjutegundir styðja við atvinnuuppbyggingu og stefnumótun í atvinnumálum.

	Markmið 10: Aukinn jöfnuður (Reduced Inequalities) Með því að skoða mismunandi hópa eftir fjölskyldugerð, tekjum og menntunarstöðu má vinna gegn mismunun og ójöfnuði. Markmið 11: Sjálfbærar borgir og samfélög (Sustainable Cities and Communities) Betri innsýn í fjölskyldugerðir, búsetutíma og menntunarstöðu hjálpar sveitarfélögum að þróa sjálfbært samfélag.
--	--